



Iceland
STAÐARBERGI

ENGJAVELLIR



109m² Verð 43,9 millj.

Björt og falleg 4 herb. endaíbúð á fyrstu hæð með sér inngangi. Afgirt 50 m² verönd.

HLÍÐARBRAUT



183m² Verð 64,9 millj.

Tvílyft einbýli á þessum eftirsóttu stað í Suðurbæ Hfj. Innbyggður bílskúr. Góð eign.

GAUKSÁS



237m² Verð 74,9 millj.

Fallegt vandað miðjuraðhús á góðum stað í Áslandinu. Stórkostlegt útsýni. Frábær bílskúr.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN
Dalshrauni 5
Ópið kl. 8-17 virka daga



Kurr í Haukafólki vegna knatthúss

Telja iðkendum mismunað með byggingu í Kaplakrika

Félagar í Haukum og íbúar á Völlum voru í meirihluta þeirra innan við 50 manns sem mættu á kynningarfund um fjárhagsáætlun sl. þriðjudag. Var ákvörðun um að fyrst yrði byggt yfirbyggt knatthús í Kaplakrika gagnrýnd og fullt að meiri vöndun væri á Ásvöllum. Kom fram að árin 2014-2018 færi um 750 milljónir til hvors félags FH og Hauka í húsbyggingar.

Upplýsti bæjarstjóri að það væri verið að fara að tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarð-

ar um forgangsroðun sem gerði ráð fyrir þessari röðun. Fullyrti einn fyrirsprjandi að 1.800 krakkar iðkuðu

knattspyrnu hjá FH og 1.800 hjá Haukum en aðstaðan væri mun lakari hjá Haukum.



Frá íbúafundi um tillögu til fjárhagsáætlunar.

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Ólíulaus

Jón Arnláus
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði



VETRARLEIGA

Langtímaleiga í 1-9 mánuði september til maí

Hagstæð kjör!

Verð frá 39.900 kr. pr. mán.!

Bæjarhrauni 24 | 565 3615
www.bilaleigur.is

Bílaverkstæði Högna



Allar almennar bílaviðgerðir

Hjólástillingar

Trönuhrauni 2

(Hjallahraunsmegin)

sími 555 2622

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Burknaveilir 2



Fallegt og vandað 192,8 m², fimm herbergja parhús á tveimur hæðum með bílskúr.

Verð 72,9 millj. kr.

Þrúðvangur 10



Glæsilegt 218 m² einbýli með tveimur aukaíbúðum í enda á botnlangagötu. Frábær staðsetning.

Verð 83,9 millj. kr.

Klapparholt 4



Fallegt 152,3 m² parhús með innbyggðum bílskúr. Tvennar svalir og timburverönd.

Verð 63,5 millj. kr.



Stofnuð 1988



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Víðistaðakirkja

Sunnudagur 19. nóvember

Messa kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur
undir stjórn Helgu Þórdísar organista.

Prestur: Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

Umsjón: María og Bryndís.

Hressing í safnaðarsalnum
eftir guðspjónustur.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is



leiðarinn

Nú virðist sem tillaga að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar espi upp rígr á milli boltafélaganna FH og Hauka. Þar sem meirihluti bæjarstjórnar hafnaði því að byggðir yrðu tveir fullstórir yfirbyggðir knattspyrnuvöllir í bænum eins og fulltrúar D-lista lögðu fram, þá situr eftir tillaga um einn yfirbyggðan knattspyrnuvöll. Ekki kemur fram í greinargerð með fjárhagsáætlun af hverju valið er að byggja hann í Kaplakrika en kannski hefur það eitthvað með það að gera að þar var tillaga um að byggja ódýrara hús og þegar hafði verið lofað fé í endurnýjun á ónýtu gervigrasi sem nýtist inni í húsinu. En hvað sem öllum rökum líður þá hafa risið upp andmælaraddir sem telja að verið sé að hygla öðru féluginu og bæjarbúum sé mismunað eftir búsetu.

En hvað mega allir hinir sem ekki hafa áhuga á fótbolta segja þegar taka á 700 milljónir kr. úr vasa skattgreiðenda til að byggja yfir knattspyrnuvöll? Badminton er aðeins æft á einum stað í bænum, sama á við um fimleika, brettasport og fleiri íþróttir. Allir þurfa að fara langar leiðir. Aðeins eitt skátaheimili er í bænum og svona mætti lengi telja.

En allt skal gera fyrir meirihlutann og það tíðkast í bænum að moka aðeins sumar gangstéttar en alls ekki allar, þó allir borgi útsvar. Við sættum okkur við að þeim sé hjálpað sem eru hjálparþurfi en hinir fá að sitja á hakanum. Þannig virkar samtryggingarkerfi okkar. Hafnarfjarðarbær skuldar ennþá verulegar upphæðir og hefur hingað til ekki getað viðhaldið þeim eignum sem viðhalds þurfa. Þó betur sé gert nú en áður þarf meira til og síðasta fjárhagsáætlun fyrir kosningar er varasöm. Á henni mun enginn taka ábyrgð.

Guðni Gíslason ritstjóri.



Jóla ljósín

í Hafnarfjarðarkirkjugarði

Ljósín verða afgreidd dagana 10-11. des., 15.-18. des. og 22.-23. des.

Opið kl. 13-18 þessa daga

Lokað þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Lokað aðfangadag.

Panta má á www.jolaljosin.is

Hægt er að panta frá og með 1. desember

Netpöntunum lýkur 22. desember

Jóla ljósín ehf.

sími 692 2789



Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Sunnudagur 19. nóvember:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldvaka kl. 20

Á léttum nótum

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 19. nóvember

Messa kl. 11

Sr. Stefán Már Gunnlaugsson héraðsprestur
prédíkar.

Sunnudagaskóli á sama tíma.

Miðvikudagur 22. nóvember

Starf eldri borgara kl. 13.30

Páll Ólafsson fjallar um hreyfingu eldri borgara.



www.astjarnarkirkja.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 19. nóvember

Sunnudagaskóli og messa kl. 11

Morgunmessa, TTT, markþjálfun
fyrir ungt fólk, barna- og unglingakórar

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Snjóhvítur Hafnarfjörður

Flestir taka snjónum fagnandi og bæjarbúar nutu útivistar í bæjarlandinu

Snjórinn er kærkominn í skammdeginu, umhverfið lýsist upp og krakkarirnir bregða á leik og sjá má gangandi fólk í upplandinu, ekki síst við Hvaleyrarvatn, útivistarperlu bæjarbúa.

NÝR GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGUR

Nú hefur verið lagður göngu- og hjólastígur frá hesthúsunum í Hlíðarþúfum og upp að Hvaleyrarvatnsvegi. Þó ekki sé búið að opna stíginn er búið að malbika hann og það var fallegt að fara um hann í veðurblíðunni sl. sunnudagsmorgunn. Stígurinn er mikil samgöngubót fyrir þá fjölmörgu sem hingað til hafa gengið, hlaupið eða hjólað á mjóum Kaldárselsveginum - í mikilli hættu í bílaumferðinni.

Á næstu árum mun stígurinn verða lagður alla leið að Kaldárseli og mun örugglega verða vel nýttur af gangandi og hjólandi.



Sleðabrekkan innan við Klettabergið, s.k. S-brekka.



Gula línan sýnir legu nýja stígsins.



Glæsileg lega stígsins í skóginum.

Stígurinn liggur aðeins frá veginum, er heldur hæðottari en vegurinn en hann er umlukinn trjám og er mjög falleg leið. Hann kemur upp að Hvaleyrarvatnsvegi, nokkuð frá Kaldárselsvegi og hentar því mjög vel þeim sem eiga leið að Hvaleyrarvatni.

Á SLEÐUM Í SNJÓLÉTTUM BREKKUM

Þó snjórinn sé ekki mikill létu börnin í Setbergi hann duga og drógu fram sleða og snjóþotur og renndu sér í sleðabrekkunni fyrir innan Klettabergið.

Börnin bíða eflaust eftir meiri snjó þó margir hinna fullorðnu vilji vera laus við hann.

Mikill snjómokstur er dýr fyrir samfélagið en margir undrast hversu lítið er mokað á gangstígum, ekki síst þeir sem búa þar sem aldrei er mokað. Götur eru flestar vel mokaðar en gangstéttar við sömu götur eru ekki



endilega mokaðar. Það þrýstir oft á að fólk gengur frekar úti á götu í stað þess

að geta gengið á gangstéttum og stígum eða jafnvel heldur sig innandyrar.

Séð yfir skógin í Gráhelluhrauni og sólin gægist upp við Húsfell.

Börnin vildu ólm búa til sín eigin skrímsli

Aðsókn í skrímslasmiðju í Hafnarborg var langt umfram væntingar

Hamangangur var í öskjunni strax við opnun á skrímslasmiðju sem haldin var í tilefni af útkomu á bókinni „Skrímslin í Hraunlandi“ sem Eyrún Ósk Jónssdóttir skrifaði ásamt Ölm Björk Ástþórsdóttir en Gróa Sif Jöelsdóttir myndskreytti.

Þarna var hægt að velja ýmsa hluti í skrímsli, raða þeim saman og láta sauma saman fyrir sig og þá var komið eigið skrímsli. Efniviðurinn kemur sem

afgangar frá verksmiðjum og skrímslin eiga því að vera hvati til aukinnar umhverfisvitundar.

Alma Björk Ástþórsdóttir, stofnandi hafnirfiska fyrirtækisins Monstra ehf. sem stendur að þessu skrímslaævintýri sagði á laugardaginn að viðtökurnar væru langt fram úr væntingum og var að sjálfsögðu hæstánægð. Það var Eyrún Ósk Jónsdóttir líka sem las upp úr bókinni og kynnti hana.



Alma Björk Ástþórsdóttir og Eyrún Ósk Jónsdóttir.



Foreldrarir voru oft jafn áhugasamir og börnin við skrímslagerðina.



Bókin Skrímslin í Hraunlandi - saga um vináttu.

Hjólað á vistgötunni í miðbænum



Strandgatan er önnur tveggja vistgatna í Hafnarfjörði en um þær gilda sérstaka reglur. Þar er hámarkshraði 15 km/klst. og gangandi eru í forgangi.



Meira tilbúið



TILBOÐ

Eldgrillaður kjúklingur
og 2 lítrar af Coca Cola

1.699 kr.



Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP

Meira
svona
alla daga

Færðu Ljósinu 206 þúsund kr.

Hlaupahópur FH ásamt gestum hleypur árlega til góðs í bleikum hlaupafatnaði



Ljóm: Guðni Glásson



Glæsilegur hópurinn sem tók þátt í Bleika hlaupinu í ár.

Í ár var það Ljósið, endurhæfingardeild fyrir krabbameinsgreinda sem naut styrks hlauparanna en Ljósið hefur það að markmiði að efla lífsgæði hins krabbameinsgreinda og aðstandenda. Alls söfnuðust 206 þúsund krónur sem fóru óskiptar til Ljóssins.

Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður Ljóssins, tók við upphæðinni í upphafi æfingar hlaupahópsins í Kaplakrika nýlega.



Ljóm: Guðni Glásson

Þeir sem lengst hlupu komu við á Bessastöðum.

Það kom í hlut Eddu Drafnar Eggertsdóttur úr Hlaupahópi FH að afhenda styrkinn en hún hefur sjálf barist við krabbamein og hefur hlotið styrkinn. Hér afhendir hún Ernu Magnúsdóttur forstöðumanni Ljóssins 206 þúsund kr.

Árlega stendur Hlaupahópur FH fyrir „Bleika hlaupinu“ þar sem hlauparar klæðast bleiku og hlaupa mislangar vegalengdir og styrkja um leið gott málefni.

Félagar úr öðrum hlaupahópum á höfuðborgarsvæðinu taka gjarnan þátt og í ár hlupu um 150 hlauparar til góðs. Félagar í Hlaupahópi FH höfðu tilbúið glæsilegt kaffihlaðborð fyrir utan Suðurbæjarlaug þegar hlauparnir komu til baka en frjáls framlög félaga runnu öll til góðs málefnis.



Ljóm: Guðni Glásson

hafnfirski fréttavefurinn

www.fjardarfrettir.is

Sendu inn fréttaskot á: fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Skoðaðu nýjustu fréttirnar – eða leitaðu í fréttasafninu

HÁTÍÐARTÓNLEIKAR EYÞÓRS INGA

UM LAND ALLT

SÉRSTAKIR GESTIR
KÓRAR ÚR HEIMABYGGÐ

HAFNARKIRKJA, HÖFN Í HORNAFIRÐI	30.NÓVEMBER
FÁSKRÚÐSFJARÐARKIRKJA	1.DESEMBER
EGILSSTAÐAKIRKJA	2.DESEMBER
FOSSHÓTEL, HÚSAVÍK	3.DESEMBER
ÍSAFJARÐARKIRKJA	5.DESEMBER
LINDAKIRKJA, KÓPAVOGI	8.DESEMBER
SELFOSSKIRKJA	9.DESEMBER
LANDAKIRKJA, VESTMANNAEYJUM	10.DESEMBER
PATREKSFJARÐARKIRKJA	14.DESEMBER
GRUNDARFJARÐARKIRKJA	15.DESEMBER
BORGARNESKIRKJA	16.DESEMBER
VÍÐISTAÐAKIRKJA, HAFNARFIRÐI	17.DESEMBER
HLJÓMAHÖLLIN, KEFLAVÍK	19.DESEMBER
GLERÁRKIRKJA, AKUREYRI	21.DESEMBER
DALVÍKURKIRKJA	22.DESEMBER

MIÐAVERÐ 3000.KR

MIÐASALA Á midi.is



Svömluðu í ísilögðum sjónum

Nýliðar í Björgunarsveit Hafnarfjarðar fara í gegnum ítarlega þjálfun



Ljóm: Guðni Gíslason

Þegar bæjarbúar dúðu sig í dúnúlpur og settu á sig húfu og trefla ef þeir sátu þá ekki inni í hlýjunni, voru nýliðar í Björgunarsveit Hafnarfjarðar við þjálfun m.a. í Hafnarfjarðarhöfn þar sem frostið myndaði íslag á sjónum í veðurblíðunni. Þegar blaðamaður sá fólk klifra upp á flotbryggjuna fylltist hann forvitni og heilsaði upp á renn-

blautu einstaklinga, nýkomna úr sjónum.

Þarna voru nýliðar í nýliðahópi 2, lengra komnir nýliðar, að æfa siglingu á slöngubátum, meðferð þeirra og að bregðast við því sem getur komið upp á. Eitt af því er að lenda í sjónum og stundum þarf að fara í sjóinn við björgunarstörf. Gallarnir sem nýliðarnir



Ljóm: Guðni Gíslason

Brugðið á leik.



Ljóm: Guðni Gíslason

Það þarf kraft og lagni að komast upp í slöngubátinn.



Þegar frostið bitur, er þá ekki best að svamla í sjónum?


eru í eru ekki endilega þeir nýjustu og hjá sumum kom kaldur sjórinn inn en þau létu það ekki á sig fá í isköldum sjónum. Veðrið var gríðarlega falllegt og blankalogn. Þau æfðu sig í að hoppa út í sjóinn og synda að slöngubát sem þau þurftu að komast upp í. Þau prófuðu að velta honum og koma honum á réttan kjöl á ný. Allt gerðu þau með bros á vör þó kuldinn hafi bitið í.

Á meðan þessi hópur, sem telur í allt 17 manns, æfði í höfninni var nýliðahópur 1, byrjendahópurinn í Vatnaskógi við ýmsar æfingar. Það er ekki tekið út með sældinni að verða fullgildur björgunarsveitarmaður þó svo æfingarnir geti verið bæði spennandi og skemmtilegar þá eru margar þeirra mjög erfiðar og gerir kröfur um áæðni, kjark og útsjónarsemi og ekki síst kröfur um góða samstarfshæfileika.



Ljóm: Guðni Gíslason

Bátum komið á réttan kjöl.



Ljóm: Guðni Gíslason

Það getur verið erfitt að komast upp á flotbryggjuna þó lág sé.

NOKIAN[®]
TYRES



VELDU ÖRYGGI! VELDU NOKIAN GÆÐADEKK

**NOKIAN eru margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega
hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða**



Hluti söluágóða AF NOKIAN gæðadekkjum hjá
MAX1 rennur til Krabbameinsfélagsins
í október og nóvember

- Ein öruggustu dekk sem völ er á
- Ítrekað valin bestu dekkinn í gæðakönnunum
- Breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- Eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

Skoðaðu dekkjaleitarvélina á MAX1.IS
- Frábært verð

VETRARDEKK Á FRÁBÆRU VERÐI

- NOKIAN WR D4 - FÓLKSBÍLADEKK
205/55/16R - 4 stk með ásetningu
59.712 kr.
- NOKIAN NORDMAN 7 - NEGLD FÓLKSBÍLADEKK
205/55/16R - 4 stk með ásetningu
63.712 kr.
- NOKIAN NORDMAN 7 - NEGLD FÓLKSBÍLADEKK
235/55/17R - 4 stk með ásetningu
109.800 kr.
- NOKIAN WR SUV 3 - JEPPADEKK
235/55/17R - 4 stk með ásetningu
97.800 kr.

SÖLUSTADIR:
Bildshöfði 5a, Reykjavík
Jafnasel 6, Reykjavík
Dalshraun 5, Hafnarfirði

OPIÐ:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga kl. 9-13

AÐALNÚMER:
515 7190



STOLTUR STYRKARAÐILI BLEIKU SLAUFUNNAR

Frjáls framlög, enginn kostnaður!

Samferða í Hafnarfirði



Góðgerðarsamkoma til styrktar einstaklingum og fjölskyldum í
Hafnarfirði, í Bæjarbíói 26. nóvember 2017. Dagskrá hefst kl. 20

Fram koma: Laddi – CeaseTone

Bjarni Ara – Páll Rósinkranz – Sóley

JóiPé & Króli og Pollapönk

Kynnir er Tryggvi „Forseti“ Rafnsson

Miðasala er hafin á Tix.is. Verð: 5.000 kr.

Tilveran gefur 20% af innkomu
laugardagskvöldsins 25. nóvember í verkefnið



Vertu vinur
okkar á
facebook

Allur ágóði rennur til þeirra sem minna mega sín

Deloitte. Tilveran MATHÚS & BAR VON tix.is

Upplýsingar á www.facebook.com/samferdafoundation

Gróska í Bæjarbíói

Öflug jóladagskrá

Mikil gróska hefur verið í rekstri Bæjarbíós sem tónleikastaðar og hefur verið mikil ánægja með tónleika þar. Hafa bæði flytjendur og áheyrendur verið mjög ánægðir enda er hljómurinn í húsinu rómaður.

Undanfarið hafa fjölmargir tónleikar verið í húsinu og má þar nefna Magnús og Jóhann, Björgvin Gíslason, Agent Fresco, Papa og Dimmu sem vöktu mikla hrifningu í september.

Í húsinu hafa líka verið fundir og skemmtanir og má nefna Eftirhermuna og orginalinn, Jóhannes Kristjánsson og Guðna Ágústsson sem fóru á kostum. Á mánudaginn verður svo skyggni-lýsingar- og heilunarfundur með Báru Hilmarisdóttur.

ÖFLUG TÓNLEIKARÖÐ FRAMUNDAN

Í kvöld eru tónleikar kl. 20.30 með Moses Hightower.



Hinir árlegu jólatónleikar Jóns Jónssonar verða í Bæjarbíó.

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX

sími 896 6076
as@remax.is

FJÖRDUR



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námi



Páll B. Guðmundsson
löggiltur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

Ragga Gröndal verður með tónleika á laugardagskvöld.

200 þúsund naglbítar verða föstudaginn 24. nóvember

Tónleikar Grafíkur, Leyndamál verða 30. nóvember.

Borgardætur halda tónleika 7. des.

Bubbi Morthens verður með tónleika 11., 12. og 13. desember.

Fríðarjól Kristínar Stefánsdóttur verða 12. desember.

Dúkkulísur og Pálmi Gunnarsson verða með tónleikana „Það koma kannski jól“ 14. desember.

KK og Ellen verða með jólatónleika 15. og 16. des.

Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór verða með ferna tónleika 16. og 17. desember.

Dikta verður með jólatónleika 20. desember.

Jón Jónsson verður með ferna tónleika 21. og 22. desember.

Litlu jól Björgvins Halldórssonar og hljómsveitar verða á Þorláksmessu.



Bræðurnir Jón Jónsson og Friðrik Dór verða með ferna tónleika í desember

FRAMTÍÐARHORFUR GÓÐAR

Páll Eyjólfsson í Bæjarbíó segir framtíðarhorfur vera góðar og vel hafi gengið það sem af er. Uppselt sé á meirihluta tónleika en selt er í númeruð sæti.

Vandaður tælenskur matur



Tuk Tuk Thai er frábær tælenskur staður í hjarta Hafnarfjarðar sem býður gómsætan mat á góðu verði.

Þar getur þú sest niður í notalegu umhverfi og pantað mat af fjölbreyttum matseðli eða valið tilbúna rétti úr hitaborði. Hægt er að borða á staðnum eða taka með sér heim.



Við tökum á móti stórum sem smáum hópum.

Opið mán.-lau. 11:30–21:00
sunn. 16:00–21:00

Fjarðargata 19
220 Hafnarfirði

Sími: 519 8888
www.tuktukthai.is



Fjölskyldurekin Rekstrarumsjón

Nýtt hafnfirskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í rekstri húsfélaga og þjónustu við útleigu fasteigna

Hún er greinilega samheldin fjölskylda þeirra hjóna Guðjóns Snæbjörnssonar múrarameistara og Soffíu Björnsdóttur bókara sem reka, ásamt börnum sínum fjórum, nýtt fyrirtæki, Rekstrarumsjón.

Rekstrarumsjón sérhæfir sig í umsjón með rekstri húsfélaga ásamt því að veita þjónustu og ráðgjöf við útleigu fasteigna. Fyrirtækið tók til starfa árið 2017 en stofnendur þess hafa áralanga og viðtæka reynslu af útleigu, viðhaldi og rekstri fasteigna. Guðjón á m.a. og rekur fyrirtækið G.S. múrverk hér í bæ. Þau sem starfa hjá Rekstrarumsjón ehf. eru Soffía Björnsdóttir sem bókari, Guðjón Snæbjörnsson sem ráðgjafi vegna framkvæmda og gallamála, Helga Soffía, viðskipta- og hagfræðingur er framkvæmdastjóri, Hrafnhildur og Bjartmar Steinn, maður hennar eru lögfræðingar, Björn, byggingartækni-fræðingur er ráðgjafi vegna framkvæmda og gallamála og Elín Anna sem sér um skrifstofu og þjónustu.

Hefur fyrirtækið komið sér upp glæsilegri skrifstofuáðstöðu að Dalshrauni 11.

„Okkar markmið er að veita alhliða, framúrskarandi þjónustu á góðu verði en sérstaða okkar er að hjá okkur starfa



Guðjón, Þórhallur, eigenmaður Elínar Önnu, Ólafía, eiginkona Björns, Elín Anna, Björn, Helga Soffía, Soffía og Bjartmar, eigenmaður Hrafnhildar og starfsmaður en Hrafnhildur er ekki með á myndinni.

m.a. viðskiptafræðingur, reyndir lögfræðingar, bókari með yfir 30 ára reynslu, byggingarsérfræðingar og annað harðduglegt fólk og þar af leiðandi teljum við okkur geta veitt framúrskarandi, alhliða þjónustu á þessu sviði,“ segir Helga Soffía Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri.

Fjölmörg mál hvíla á stjórn húsfélaga og þau geta orðið flókin þegar kemur að viðhaldi. Rekstrarumsjón býður upp á þrenns konar þjónustuleiðir, rekstrarleið 1 þar sem séð er um fjármál og innheimtu, rekstrarleið 2 þar sem boðið er upp á fjármál og innheimtu auk fundaðþjónustu og rekstrarleið 3 sem er full þjónusta við húsfélög, m.a.

annars öflun tilboða í daglegan rekstur, ráðgjöf vegna framkvæmd og viðhalds og grunn lögfræðiráðgjöf.

Þá býður fyrirtækið upp á þjónustu til einstaklinga og lögaðila við útleigu fasteigna, bæði íbúða- og atvinnuhúsnæðis.

Tónleikar í Víðistaðakirkju koma öllum í jólasþap

Kvennakórinn Rósir heldur tónleika ásamt Hallveigarsonum í Víðistaðakirkju þann 22. nóvember kl. 20. Á efnisskránni er blanda af léttum og hátíðlegum jólalögum sem koma öllum í stemmningu. Kórarinn syngja hvor í sínu lagi og einnig saman. Hallveigarsonir munu auk þess flytja verk sem heitir Misa Criolla. Þetta verk þykir afburða skemmtilegt og er þetta í fyrsta sinn sem það er flutt af karlakór á Íslandi. Að tónleikunum koma fjöldi tónlistarmanna svo sem Kjartan Valde-

marsson, Ásgeir Ásgeirsson, Haukur Gröndal, Kjartan Guðnason, Kristbjörn Þorkelsson og Þorgils Björgvinsson.

Tónleikarnir verða endurteknir þann 26. nóvember kl. 17 í Seltjarnarnekirkju.

Stjórnandi hjá kvennakórnum Rósir er Sesselja Kristjánsdóttir og stjórnandi Hallveigarsona er Jón Karl Einarsson. Kynnir á tónleikunum er Örn Árnason leikari. Miðar eru seldir við innganginn en frítt er fyrir börn.



Kvennakórinn Rósir heldur tónleika í Víðistaðakirkju 22. nóvember.

Litla búðin

Litla Hönnunarbúðin er lítil en öflug



Sigríður Margrét Jónsdóttir eigandi Litlu Hönnunarbúðarinnar.

Ein af perlum miðbæjar Hafnarfjarðar er Litla Hönnunar Búðin. Þessi þriggja ára verslun í minnsta húsi miðbæjarins að Strandgötu 17 býður upp á gott úrval af ýmsum fallegum hlutum fyrir heimilið. Þetta eru vandaðar vörur frá mörgum hönnuðum, bæði innlendum og erlendum.

Finna má ótrúlegustu hluti, ilmefti, skart, lampa, myndir, kolla, fatnað enda leggur Sígga Magga, Sigríður Margrét Jónsdóttir sig fram við finna einstaka hluti fyrir viðskiptavinum sínum.

Litla Hönnunar Búðin rekur einnig vefverslun og selur vörur út um allt land.



Jólahlaðbord Fjörúkráarinnar

Hefst 17. nóvember



Nú er komið að okkar árlega jólahlaðborði sem verður með þjóðlegu sniði. Söngvararnir okkar ganga á milli borða og syngja jólalög. Að borðhaldi loknu tekur Einar Ágúst við og spilar frameftir kvöldi.



Lífandi tónlist



Einu er jólahlaðbord á Hlíði



www.fjorukrain.is - **pantanir**: birna@fjorukrain.is

Fylgstu með okkar á Facebook  Viking Village - Fjörúkráin og Hótel Víking

SMÁAUGLÝSINGAR

Þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar bíllinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær nýjar sýningar hafa verið opnaðar í Hafnarborg. Það eru sýningarar „Japönsk nútímahönnun 100“, í aðalsal Hafnarborgar og sýningin „Með augum Minksins“ – hönnun, ferli, framleiðsla í Sverrissal.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is

Arnar nýr formaður SFÚ



Arnar Atlason, framkvæmdastjóri Tor Fiskvinnslu hér í bæ og formaður Golfklúbbsins Keilis, var kjörinn formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda á aðalfundi samtakanna sl. laugardag. Tekur hann við formennskunni af Jóni Steini Elíassyni sem verið hefur formaður síðastliðin níu ár. Arnar var einn í framboði.

Ný umhverfis- og auðlinda- stefna Hafnarfjarðar

Skortur á fé til markvissra aðgerða!

Á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 18. janúar 2017 var samþykkt að frumkvæði fulltrúa Samfylkingarinnar og VG að fara í endurskoðun á gildandi umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar sem samþykkt var í bæjarstjórn 13. mars 2013. Sú stefna er að mörgu leyti vel gerð en alls ekki nógu aðgerðarbundin og hefur því ekki orðið virk stefnumótandi áætlun um jafn mikilvægan málaflokk og umhverfismálin eru í okkar bæjarfélagi.

Það var því ljóst við upphaf vinnu þess vinnuhóps sem skipaður var til að endurskoða gildandi stefnu að öflug aðgerðaráætlun þyrfti að fylgja þeim stefnumarkmiðum sem sett yrðu fram í hinni endurskoðuðu stefnu.



Friðbjófur Helgi Karlsson

Á það lögðum við fulltrúar Samfylkingarinnar í umhverfis- og framkvæmdaráði mikla áherslu strax í upphafi vinnunnar.

Nú liggja fyrir drög að stefnunni sem er í yfirlestri áður en hún verður borin upp í bæjarstjórn til samþykktar. Það er skemmst frá því að segja að hópurinn stóð sig afar vel í vinnunni og fyrir liggur metnaðarfull stefna sem er mjög vel aðgerðarbundin og þannig líkleg til að komast til framkvæmda. En það er einn hængur á. Lýtur það að því fjármagni sem gert er ráð fyrir að setja í umhverfismál í þeirri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 sem nú hefur farið í gegnum fyrri umræðu í bæjarstjórn. Það er ljóst að þar verður að bæta í

umtalsverðu fjármagni svo það megi koma hinni metnaðarfullu stefnu í markvissa framkvæmd. Að óbreyttu er hætt á að sú umhverfis- og auðlinda-stefna sem nú liggur fyrir og biður afgreiðslu í bæjarstjórn verði ekkert annað en fallett plagg og lítið annað. Við slíkt verður ekki unað. Við fulltrúar Samfylkingarinnar í umhverfis- og framkvæmdaráði munum beita okkur fyrir því á næstu vikum að meira fé verði sett í þann mikilvæga málaflokk sem umhverfismálin eru svo hægt verði að fara í stórsókn í þeim hér í bæjarfélaginu. Helst með þeim hætti að Hafnarfjörður verði öðrum sveitarfélögum fyrirmynd þegar kemur að markvissum aðgerðum í umhverfismálum.

Höfundur er varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og á sæti í umhverfis- og framkvæmdaráði.

Vegagerðin leggst gegn ljósaskiltum við stofnvegi

Markatafla í Kaplakrika án heimildar sem auglýsingaskiltis

Vegagerðin hefur sent Hafnarfjarðarbæ bréf þar sem laggst er alfarið gegn uppsetningu ljósdíóðuskilta sem bent er að vegfarendum, a.m.k. þar til settar hafa verið tæknilegar reglur um notkun þeirra.

Í bréfinu er bent á skilti í Kaplakrika en einnig fleiri skilti á höfuðborgarsvæðinu en samskonar bréf hafa einnig verið sent öðrum sveitarfélögum.

Vegagerðin hefur áhyggjur af að þessi nýju skilti skerði mjög öryggi vegfarenda þar sem þau fanga athygli þeirra af meiri krafti en önnur auglýsingaskilti vegna starkari birtu og mikil og hraðs breytileika.

Bréfið var tekið fyrir á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 18. október sl. og vísað til skipulags- og byggingarráðs.

ÓLÖGLEG
AUGLÝSINGASKILT

Markataflan við Kaplakrikavöll var sett upp í samræmi við byggingarleyfi sem gefið var út 1. apríl 2015 á grundvelli umsóknar og teikningar dags. 24. mars 2015. Hvergi kemur fram að sött sé um leyfi fyrir auglýsingaskilti né að það sé snúanlegt og eigi að beinast að vegfarendum.

Í samþykktinni er vísað í samþykkt um skilti í lögsögu Hafnarfjarðar varðandi blikk og ljósmagn.

Þar stendur m.a. um skilti á íþróttasvæðum: „Auglýsingar og skilti skulu snúa inná leikvanginn. Tölvustýrð

ljósa- og flettiskilti inná íþróttaleikvangi eru leyfileg á meðan leik stendur.

Á flettiskiltum og ljósaskiltum skal ekki líða minna en ein mínúta frá því að ein auglýsing birtist og þar til sú næsta birtist.“

Þá segir einnig í reglugerðinni: „Ljósaskilti með blikkandi ljósum eða hreyfimyndum sem snúa að stofn- eða tengibrautum eru óheimil.“


TRUFLAR UMFERÐ

Vegfarendur hafa kvartað undan ljósaskiltinu sem er mjög áberandi þegar skuggsýnt er og hefur það þótt sérstaklega óþægilegt í regni og slyddu.

FH sótti um að setja upp ljósaskilti í stað flettiskiltis við gatnamót Reykjanesbrautar en fékk ekki vegna andstöðu Vegagerðarinnar.

TEKIÐ UPP Í SKIPULAGS- OG BYGGINARRÁÐI


Júlíus Andri Þórðarson fulltúi VG í skilulags- og byggingarráð tók málið upp á fundi ráðsins sl. þriðjudag og



Á teikningu með umsókn um markatöflu er hvergi getið um snúnings-skilti né auglýsingaskilti.

óskaði eftir að tekið verði á dagskrá mál er varðar markatöflu FH við knattspyrnuvöll við Kaplakrika og samþykkt var á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 01.04.2015.

Skipulags- og byggingarráð afgreiddi málið með því að óska eftir umsögn skipulagsfulltrúa varðandi hæð og staðsetningu með tilliti til útgefins byggingarleyfis.





Matreiðslumaður

Sólvangur hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Sigurðsson í síma 618 9200.

Umsóknir skal senda á netfangið: ingibjorgk@solvangur.is



Í veðurblíðunni um síðustu helgi mátti sjá falleg ský ofan við bæinn. Hér mynda þau skemmtilegt mynstur ofan við Setbergið en horft er eftir Hlíðarberginu.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

18. nóv. kl. 16. Kaplakriki

FH - HK, 1. deild kvenna

19. nóv. kl. 19.30, Ásvellir

Haukar - Fjölnir, úrvalsdeild kvenna

19. nóv. kl. 19.30, Selfoss

Selfoss - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

Afturelding - Haukar: (miðv.dag)

KA/Þór - FH: 33-23

Valur - Haukar: 23-23

ÚRSLIT KARLA:

ÍBV - FH: (miðv.dag)

Víkingur - Haukar: 31-31

Körfubolti:

16. nóv. kl. 19.15, KR heimili

KR - Haukar, úrvalsdeild karla

22. nóv. kl. 19.15, Ásgarður

Stjarnan - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Höttur: 105-86

FH áfram

Karlalið FH í handbolta sigraði 4-3 í vítakastkeppni við St. Petersburg í samnefndir borg í Rússlandi á sunnudagsmorgun. Flugu liðsmenn FH sérstaklega til Rússlands en vítakeppnin var ákveðin af dómstólum EHF, eftir að framlenging sem FH sigraði í var úrskurðuð ólögleg. Liðin höfðu leikið tvo leiki í 2. umferð Evrópukeppninnar og sigruðu í heimaleikjum sínum með sömu markatölunni, 32-27.

LEIKUR VIÐ TATRAN PREŠOV FRÁ SLÓVAKÍU

FH leikur við Tatran Prešov frá Slóvakíu í þriðju umferð. Er verið að skoða að leika í Prešov 25. nóvember og í Kaplakriki 2. desember.

Styrkir Mæðrastyrknefndar

Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar mun taka á móti umsóknum **mánudaginn 20. nóvember og þriðjudaginn 21. nóvember kl. 16 - 18** í húsnæði sínu að Hlíðarbraut 10 (þar sem leikskólinn Kató var áður).

Hægt er að prenta út umsókn á www.maedrastyrksnefnd.is

Minnt er á að umsókn verður ekki tekin gild nema að búsetuvottorð og staðgreiðsluskra með tekjum fyrir janúar til og með október 2017 fylgi umsókn.

Umsækjendur þurfa að eiga lögheimili í Hafnarfirði.

Þú getur styrkt!

Velunnurum er bent á reikning nefndarinnar: Íslandsbanki: 544-04-760686 | Landsbankinn: 0140-15-381231

Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar: 460577-0399

Jólaaðstoð 2017

www.maedrastyrksnefnd.is



AUGLÝSINGASTOFA
GUÐRÚNAR ÖNNU

Fagleg hönnun: Vefsíður,
bannerar, facebook,
auglýsingar, lógó, skilti,
bílaamerkingar, bæklingar.
Árálöng reynsla
af markaðssetningu.
www.grafika.is Sími 896 1896

500 milljónir vegna klúðurs

Verja þarf 500 milljónum
krónum á næstu tveimur árum
í nýja holræsalögn á Völlum
vegna klúðurs við hönnun
núverandi holræsis. Fara 150
milljónir kr. á árinu 2018 og
350 milljónir kr. á árinu 2019.

Tvær lóðir til óstofnað félags

Lóðunum Hádegisskarði 12
og Hádegisskarði 16 hefur
verið úthlutað til óstofnaðrar
húsnæðissjálfséignarstofnunar
sem Hafnarfjarðarkaupstaður
hefur ákveðið að stofna til
byggingar íbúða samkvæmt
lögum um almennar íbúðir nr.
52/2016. Þetta er til viðbótar
lóðinni Arnarhrauni 50 sem
einnig hefur verið úthlutað í
sama tilgangi.

Aftur auglýst

Eftir athugasemdir frá
Skipulagsstofnun hefur bæjar-
stjórn samþykkt að auglýsa
tillögu að breytingu á Aðal-
skipulagi Hafnarfjarðar vegna
nýrrar Ásvallabrautar. Fyrir-
huguð skipulagsbreyting gerir
ráð fyrir að í stað tveggja tengi-
brauta sunnan núverandi
byggðar við Ásvelli 3, verði
ein braut, Ásvallabraut. Þá var
samþykkt breyting á nýju
deiliskipulagi fyrir Ásvalla-
braut og breytingar á deili-
skipulagi fyrir Ásland 3 og
Hlíðarþúfur.

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi
stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19
og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Jólatónleikar



Kvennakórinn Rósir og Hallveigarsynir

Viðistaðakirkju Hafnarfirði þann 22. nóv. kl. 20

Seltjarnarneskirkju þann 26. nóv. kl. 17

MIÐASALA VIÐ INNGANGINN VERÐ KR. 3500.- FRÍTT FYRIR BÖRN